



## FUNDARGERÐ 456. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 17. september 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:05. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri.

Ágúst Bjarni Garðarsson situr fund með fjarfundarbúnaði.

### Tekið fyrir

#### 1. Áætlun SORPU 2022 og drög að gjaldskrá

Framkvæmda- og fjármálastjórar gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU og gjaldskrár fyrir árið 2022.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

*„Stjórn samþykkir að vísa drögum að fjárhagsáætlunum og gjaldskrá til kynningar á eigendavettvangi og vettvangi sveitarfélaganna.“*

#### 2. Niðurstaða úr útboði á útflutningi á brennanlegum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir niðurstöðum útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

*„Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til viðræðna og afla frekari gagna um fyrirkomulag útflutnings.“*

#### 3. Stefnumál SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir beiðni bæjarráðs Kópavogs um framtíðarsýn stjórnar og stjórnenda SORPU og hvað sú umbreyting sem er að verða á starfsemi SORPU þýði fyrir rekstur hennar. Framkvæmdastjóri vinnur drög að umbeðnum gögnum og kynnir fyrir stjórn.



#### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður 28. september klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:07.